

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 27. nóvember 2008

Áfram óvissa um gjaldeyrismál

Staðan á gjaldeyrismarkaði hefur lítið breyst undanfarna daga og vikur. Gjalddeyrstemprun Seðlabankans er enn við lýði og þrátt fyrir að viðskiptabankarnir þrír hafi nýlega eignast sína eigin gjaldeyrisreikninga hjá JP Morgan geta þeir enn ekki sinnt erlendri greiðslumiðlun á eigin spýtur.

Ýmislegt bendir til þess að krónunni verði fleytt von bráðar, jafnvel á allra næstu dögum. Þó hafa enn ekki fengist haldbærar upplýsingar um það með hvaða hætti það verður gert og því lítið hægt að segja til um líklega þróun á gjaldeyrismarkaði á næstunni. Í öllu falli er ljóst að enn ríkir mikið óvissuástand á gjaldeyrismarkaði. Brýnt er að úr þessu verði greitt eins fljótt og auðið er.

Stjórnarhættir opinberra fyrirtækja

Í hádeginu á morgun, föstudaginn 28. nóvember, gefa Viðskiptaráð, Kauphöll Íslands og SA út leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Meðal þeirra sem munu veita leiðbeiningunum formlega viðtöku eru Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og fulltrúar ríkisbankanna þriggja.

Mikilvægi leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja er ótvírætt. Hið opinbera stendur iðulega frammi fyrir því vandasama verkefni að finna jafnvægi milli hlutverks síns sem eiganda annars vegar og hins vegar sem valdhafi til reglusetningar. Erfitt getur reynt að viðhalda þessu jafnvægi og hættan á pólitískum afskiptum af rekstri opinberra fyrirtækja er ávallt til staðar. Þar sem þessi hlutverk fara sjaldnast saman er mikilvægt að skapa trúverðugleika og traust um með hvaða hætti þeim er sinnt. Leiðbeiningum þessum er ætlað að auka gagnsæi í rekstri opinberra fyrirtækja og aðstoða þar með hið opinbera og fyrirtæki í eigu þess að skapa traust um starfsemi sína.

Hægt verður að nálgast leiðbeiningarnar endurgjaldslaust á vef Viðskiptaráðs eftir hádegi á morgun eða á skrifstofu Viðskiptaráðs gegn vægu gjaldi. [Haraldur I. Birgisson](#) lögfræðingur Viðskiptaráðs veitir nánari upplýsingar í síma 510-7109.

Frumkvöðlastarf og nýsköpun

Frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi kemur til með að gegna lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Af þeim sökum er mikilvægt að hlúð verði að slíku starfi og því sköpuð hagfeld skilyrði. Í þessu felst m.a. að skapa hagkvæmt rekstarumhverfi fyrir sprotafyrirtæki og tryggja frumkvöðlum með

góðar hugmyndir aðgengi að fjármagni til að hrinda þeim í framkvæmd. Efla þarf sjóðakerfi til stuðnings nýsköpun (Frumtak, Nýsköpunarsjóð og Tækniþróunarsjóð) og jafnvel draga úr skilyrðum sem umsækjendur þurfa að uppfylla til hljóta styrki.

Gróskumiklu frumkvöðlastarfi er ætlað að leiða af sér fjölgun í stoðum íslensks atvinnulífs. Í því sambandi er rétt að benda á öflug fyrirtæki á borð við CCP, Össur og Marel, sem öll eru afrakstur frjós nýsköpunarstarfs og skila nú verulegum útflutningstekjum. Hlutur menntakerfisins í uppbyggingu sprotastarfsemi er afar stór og því brýnt að styrkja frumkvöðlanám í háskólum og tvinna saman við þær háskólagreinar sem teljast helst uppspretta nýrra hugmynda.

Nánar er fjallað um þetta mál auk fjölda annarra í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs, „Aðgerðir í þágu atvinnulífs“, sem nálgast má [hér](#).